

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1327/2014**2017/EES/48/16**

frá 12. desember 2014

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í kjöti og kjötafurðum sem eru reykt á hefðbundinn hátt og í fiski og lagarafurðum sem eru reykt á hefðbundinn hátt (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 ⁽²⁾ voru fastsett hámarksgildi fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í matvælum, þ.m.t. reyktu kjöti og kjötafurðum og reyktum fiski og lagarafurðum.
- 2) Samkvæmt þeirri reglugerð verða hámarksgildi fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni að vera örugg, svo lág sem raunhæft er að ætlast til að megi ná og skulu byggjast á góðum starfsvenjum í framleiðslu og í landbúnaði eða fiskveiðum. Gögn árið 2011 um reyktan fisk og reykt kjöt sýndu að unnt var að ná lægri hámarksgildum. Samt sem áður var nauðsynlegt í sumum tilvikum að breyta tækni við reykingu. Því var veitt þriggja ára umbreytingartímabil fyrir reykt kjöt og kjötafurðir og reyktan fisk og lagarafurðir áður en lægri hámarksgildi taka gildi frá og með 1. september 2014.
- 3) Nýleg gögn sýna hins vegar fram á að þrátt fyrir beitingu bestu mögulegra starfsvenja við reykingu er ekki unnt í nokkrum aðildarríkjum að ná lægri gildum fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í tilteknum tilvikum, þegar um er að ræða kjöt og kjötafurðir sem eru reyktar á hefðbundinn hátt og fisk og lagarafurðir sem eru reyktar á hefðbundinn hátt, sökum þess að í þeim tilvikum ekki er hægt að breyta reykingaraðferðunum án þess að umtalsverðar breytingar verði á skynmatseinkennum matvællanna. Slíkar afurðir, sem eru reyktar á hefðbundinn hátt, myndu því hverfa af markaðnum sem myndi leiða til lokana marga lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
- 4) Því er rétt að kveða á um þriggja ára undanþágu fyrir tiltekin aðildarríki frá beitingu lægra hámarksgildisins fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni frá og með 1. september 2014 fyrir staðbundna framleiðsla og neyslu á kjöti og kjötafurðum sem eru reykt á hefðbundinn hátt og/eða fiski og lagarafurðum sem eru reykt á hefðbundinn hátt. Hámarksgildin, sem nú eru í gildi, ættu að gilda áfram um þessar reyktu afurðir. Þessi undanþága ætti almennt að taka til alls kjöts og kjötafurða og/eða fisks og lagarafurða án þess að sérheiti matvællanna sé tilgreint.
- 5) Hlutaðeigandi aðildarríki ættu að halda áfram að fylgjast með því hvort fjölhringa, arómatísk vetniskolvetni séu til staðar í þessum afurðum og koma á fót áætlunum um framkvæmd góðra starfsvenja við reykingu, ef unnt er.
- 6) Innan þriggja ára frá gildistöku þessarar reglugerðar ætti að endurmeta stöðuna á grundvelli allra fyrirliggjandi upplýsinga, sem gæti leitt til takmarkaðri og nákvæmari skrár yfir reykt kjöt og kjötafurðir, fisk og lagarafurðir sem mætti þá veita ótímabundna undanþágu fyrir vegna staðbundinnar framleiðslu og neyslu.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. ESB L 358, 13.12.2014, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2017 frá 7. júlí 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stj. ESB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stj. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1881/2006

Eftirfarandi 6. og 7. mgr. bætist við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1881/2006:

„6. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er Írlandi, Spáni, Króatíu, Kýpur, Lettlandi, Póllandi, Portúgal, Rúmeníu, Slóvakíu, Finnlandi, Svíþjóð og Bretlandi heimilt að leyfa setningu kjöt og kjötafurða, sem eru reykta á hefðbundinn hátt, sem eru reykta á yfirráðasvæði þeirra og ætluð til neyslu þar og sem innihalda fjölrhinga, arómatísk vetniskolvetni í meiri styrk en mælt er fyrir um í lið 6.1.4. í viðaukanum, á sinn eigin markað að því tilskildu að þessar afurðir séu í samræmi við hámarks-gildin sem eru í gildi fyrir 1. september 2014, þ.e. 5,0 µg/kg fyrir bensó[a]pýren og 30,0 µg/kg fyrir samanlagt magn bensó[a]pýrens, bens[a]antrasens, bensó[b]flúorantens og krýsens.

Þessi aðildarríki skulu halda áfram að fylgjast með því hvort fjölrhinga, arómatísk vetniskolvetni eru til staðar í kjöti og kjötafurðum sem eru reykta á hefðbundinn hátt og koma á fót áætlunum um framkvæmd góðra starfsvenja við reykingu, ef unnt er, innan þeirra marka sem er efnahagslega mögulegt og framkvæmanlegt án þess að glata dæmigerðum skynmatseinkennum þessara afurða.

Innan þriggja ára frá beitingu reglugerðarinnar skal endurmeta stöðuna á grundvelli allra fyrirliggjandi upplýsinga, með það fyrir augum að taka saman skrá yfir reykta kjöt og kjötafurðir sem skulu njóta áfram undanþágu án tímamarka vegna staðbundinnar framleiðslu og neyslu.

7. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er Írlandi, Lettlandi, Rúmeníu, Finnlandi, Svíþjóð og Bretlandi heimilt að leyfa setningu fisks og lagarafurða, sem eru reykta á hefðbundinn hátt, sem eru reykta á yfirráðasvæði þeirra og ætluð til neyslu þar og sem innihalda fjölrhinga, arómatísk vetniskolvetni í meiri styrk en mælt er fyrir um í lið 6.1.5. í viðaukanum, á sinn eigin markað að því tilskildu að þessar reykta afurðir séu í samræmi við hámarks-gildin sem eru í gildi fyrir 1. september 2014, þ.e. 5,0 µg/kg fyrir bensó[a]pýren og 30,0 µg/kg fyrir samanlagt magn bensó[a]pýrens, bens[a]antrasens, bensó[b]flúorantens og krýsens.

Þessi aðildarríki skulu halda áfram að fylgjast með því hvort fjölrhinga, arómatísk vetniskolvetni eru til staðar í fiski og lagarafurðum sem eru reykta á hefðbundinn hátt og koma á fót áætlunum um framkvæmd góðra starfsvenja við reykingu, ef unnt er, innan þeirra marka sem er efnahagslega mögulegt og framkvæmanlegt án þess að glata dæmigerðum skynmatseinkennum þessara afurða.

Innan þriggja ára frá gildistöku þessarar reglugerðar skal endurmeta stöðuna á grundvelli allra fyrirliggjandi upplýsinga, með það fyrir augum að taka saman skrá yfir reykta fisk og lagarafurðir sem skulu njóta áfram undanþágu án tímamarka vegna staðbundinnar framleiðslu og neyslu.“

2. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Henni skal beitt frá og með 1. september 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.